



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Vorönn 2018

ENSK2HB05

Hagnýt enska

Kennarar:	Helgi Þorvaldsson	Sk.st.	HP
	Sveinn E. Magnússon		SEM

Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum.

Undanfari: Einkunnin B upp úr grunnskóla / 1. þrep staðið

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og einnig frá eigin brjósti.

Námsefni:

New Headway Upper-Intermediate Fourth Edition (Student's book)

Smásögur á Moodle

A Streetcat Named Bob James Bowen

Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: upplýsingar verðar birtar í moodle

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlun og tilkynningum á Moodle. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. Tveir tímar í lok annar verða notaðir í sjúkrapróf þar sem nemendur með lögleg forföll geta lokið prófum af önninni. **Þetta gildir um alla nemendur áfangans.** Nemendur sem fá 8,00 í annareinkunn þurfa ekki að taka lokapróf

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway	próf úr allt að 6 köflum sem farið verður yfir á önninni.	20%
Smásögur	verkefni / munnlegt próf	15%
Streetcat	verkefni / próf	10%
Ástundun	önnur vinna á önninni	5%
Lokapróf í maí	skriflegt próf	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 4. janúar 2018

Helgi Þorvaldsson og Sveinn E. Magnússon
kennarar

Guðfinna Gunnarsdóttir
kennslustjóri